

# Íslenski söfnuðurinn í Svíþjóð, Gautaborg

## Skýrsla sóknarnefndar yfir árið 2004

### Almenn greinargerð

Aðalfundur Íslenska safnaðarins í Svíþjóð var haldinn í Gautaborg sunnudaginn 1. febrúar 2004. Var þá meðal annars kjörin ný sóknarnefnd. Sóknarnefndin hélt fyrsta fund sinn sama dag og skipti þannig með sér verkum:

Kristinn Jóhannesson, formaður  
 Björg Arnesen, gjaldkeri  
 Gunnar Stefánsson, ritari  
 Birna Ágústsdóttir, meðstjórnandi  
 Guðný Ása Sveinsdóttir, meðstjórnandi  
 Guðrún Karlsdóttir, meðstjórnandi  
 Hilmar Baldursson, meðstjórnandi  
 Kristinn Kristinsson, meðstjórnandi.

Starfandi sóknarnefnd hefur árið 2004 haldið fundi 1. febrúar, 17. febrúar, 23. mars, 4. maí, 8. júní, 31. ágúst, 12. október, 6. nóvember og 7. desember. Þar að auki hefur á árinu 2005 verið haldinn fundur 11. janúar. Auk sóknarnefndar hafa endurskoðendur setið nokkra fundi. Fundirnir hafa verið haldnir í Skárs kirkju, á skrifstofum kirkjunnar og heima hjá sóknarnefndarfélögum.

Á fundunum hafa farið fram umræður um tilhögun kirkjustarfsins. Fastir liðir á hverjum fundi hafa verið umræður um starfið síðustu mánuði og hvers þurfi að gæta í sambandi við starf næstu mánaða á þeim þremur svæðum sem safnaðarstarf er rekið (Gautaborg, Stokkhólmi, Lundi/Málmey) og víðar. Meðal fastra liða eru einnig fjármál safnaðarins.

Sr. Skúli S. Ólafsson sagði starfi sínu lausu vorið 2004. Það var síðan auglýst og var sr. Ágúst Einarsson skipaður í starfið frá 1. júlí 2004. Samráð var haft við sóknarnefnd um skipunina. Sr. Skúli kvaddi söfnuðinn við messu í Västra Frölunda kirkju 12. september og í kjölfarið var móttaka að heimili Kristins og Tuulu. Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson prófastur setti sr. Ágúst í embætti við messu þann 7. nóvember. Var þá jafnframt haldið upp á 10 ára afmæli hins formlega safnaðarstarfs íslensku kirkjunnar í Svíþjóð þar sem velunnurum safnaðarins var boðið og komu m.a. Svavar Gestsson sendiherra ásamt konu sinni og einnig nokkrir fulltrúar sænsku kirkjunnar í Gautaborg.

Heimasíða íslensku kirkjunnar í Svíþjóð ([www.kirkjan.org](http://www.kirkjan.org)) er uppfærð reglulega. Umsjón með síðunni hefur mest mætt á Ágúst Einarssyni og Gunnari Stefánssyni.

Sóknarnefndin hefur tvisvar á árinu sent frá sér um 2500 fréttabréf til Íslendinga í Svíþjóð um starfsemina. Á síðasta ári fékk fréttabréfið andlitsupplýftingu sem felst í því að það er prýtt fjölda mynda. Auk þess

var tekið upp á því að hafa auglýsingu á baksíðu þess sem fjármagnar að hluta útsendingu blaðsins. Þar að auki hefur kirkjan haft fréttabréfasamvinnu við Sænsk-íslenska félagið í Gautaborg, t.d. hefur söfnuðurinn kostað fjölrítun á bréfum fyrir félagið og þá jafnframt auglýst starfsemina í bréfum og í útvarpi félagsins.

Sr. Ágúst Einarsson auglýsir reglulega ýmsa þætti kirkjustarfsins í "kirkjupósti" sem sendur er á þau tölvunetföng sem við vitum um á Gautaborgarsvæðinu. Í Stokkhólmi, á Skáni og víðar eru sendar tilkynningar inn á þau samskiptanet sem eru fyrir hendi meðal Íslendinga á hverjum stað.

Sóknarnefndin hefur unnið talsvert starf í að forma stefnu íslensku kirkjunnar í Svíþjóð. Þessi stefnumótunarvinna hófst á grundvelli stefnumótunar kirkjunnar á Íslandi sem fór fram á fyrra ári. Stefnumótun íslensku kirkjunnar í Svíþjóð er hvergi nærri fullunnin, en sóknarnefndin kynnir hér í fylgiskjali stefnumótunardrögin eins og þau liggja fyrir í dag.

## Guðsþjónustur

Guðsþjónustur hafa að jafnaði verið haldnar einu sinni í mánuði í Gautaborg (nema yfir sumartímenn). Kirkjusókn hefur verið góð, yfirleitt um 70–100 manns og mun fleiri við hátíðarguðsþjónusturnar.

Í Lundi hafa með jöfnu millibili verið fjölskylduhelgistundir í tengslum við kirkjuskólann. En aðventu- og jólaguðsþjónusta var síðan haldin í Uppåkra kirkju miðja vegu milli Lundar og Malmö í desember. Sú guðsþjónusta var í samvinnu við Íslenska kórinn í Lundi sem nú kemur til liðs við kirkjustarfið eftir langt hlé. Í Malmö hafði sóknarprestur tvo umræðufundi og eina aðventuhelgistund í félagsheimili Íslendingafélagsins.

Í Stokkhólmi voru fjórar guðsþjónustur á árinu. Fermingarguðsþjónusta var í Skövde á hvítasunnudag.

Í október tók söfnuðurinn þátt í samstarfi um ekumeniska (samkirkjulega) guðsþjónustu norrænu, eistnesku, þýsku og ensku mótmælendasafnaðanna í Christinæ kirkju í Gautaborg.

Þá leiddi sr. Ágúst Einarsson páskamessu síðast liðið vor í Helsingfors í Finnlandi og fékk til þess ferðastyrk frá biskupsstofu á Íslandi. Íslendingafélagið í Helsingfors sá um að útvega kirkju, kalla til tónlistarfólk og annast kirkjukaffi. Um 80% Íslendinga í borginni, eða um 40 manns, tóku þátt í messunni. Íslendingafélagið í Helsingfors óskar eftir áframhaldandi samstarfi við Íslensku kirkjuna í Svíþjóð, t.d. með guðsþjónustu einu sinni á ári.

## Húsnæði

Í Gautaborg voru guðspjónustur vormisseris haldnar í Skárs kirkju eins og undanfarin ár. Íslenska kirkjan í Svíþjóð er þakklát fyrir samvinnuna við Örgryte söfnuð sem lauk á vormánuðum. Sama á við um Dönsku sjómannakirkjuna. Kirkjuskóli og barnakór hefur verið þar undanfarin misseri, en á vormánuðum lauk veru barnastarfs okkar þar og þakkar söfnuðurinn fyrir ánægjulegt samstarf við sr. Henning Bøgesvang og söfnuð hans.

Til þess að færa alla starfsemi safnaðarins í Gautaborg á einn stað var vorið 2004 gerður samningur við söfnuðinn í Västra Frölunda. Var skrifstofa prests flutt úr sænsku sjómannakirkjunni í safnaðarheimilið í Västra Frölunda og jafnframt fluttist öll önnur starfsemi þangað frá byrjun september. Þar er um að ræða guðspjónustur, barnastarf, kóræfingar, ýmsar samkomur og fundi á vegum safnaðarins. Þessi flutningur hefur þegar haft með sér vaxandi og ánægjulegt samstarf við sænsku kirkjuna og við væntum þess að það eigi eftir að aukast og þróast.

Á Skáni hefur kirkjuskóli og helgistundir verið í S:t Hans kirkju í Lundi og síðan er Uppåkra kirkja, sem er miðja vegu milli Lundar og Malmö, nýr viðkomustaður fyrir íslenskt helgihald.

Í Stokkhólmi hafa guðspjónustur farið fram í Finnsku kirkjunni við konungshöllina í Gamla Stan.

## Kirkjutónlist

Söfnuðurinn hefur greitt Íslenska kórnum í Gautaborg fast gjald fyrir að leiða kirkjusönginn. Í því felst að hafa forsöng í almennum safnaðarsöng og að flytja eitt tónverk í hverri messu. Auk þessa hefur sóknarnefnd falið kórnum að sjá um kirkjukaffið. Að venju söng kórin nokkur jólalög fyrir upphaf jólamessunnar 25. desember.

Tuula Jóhannesson er sem áður organisti safnaðarins í Gautaborg. Einstöku sinnum hafa safnaðarfélagar eða aðkomandi gestir tekið þátt í tónlistarflutningi í guðspjónustunum.

Barnakór safnaðarins í Gautaborg hefur komið fram í mörgum guðspjónustum og við aðrar athafnir. Þessi sönghópur er ekki stór en starfsemin er ákaflega þýðingarmikill þáttur í barna- og tónlistarstarfinu. Þóra Marteinsdóttir hefur séð um barnakórinn og auk þess tekið þátt í barna- og unglिंगastarfinu. Æfingar barnakórsins eru einu sinni á viku yfir vetrartímann í sambandi við kirkjuskólann. Barnakórinn hélt söngskemmtun í Dönsku kirkjunni í maí og söng auk þess á jólatrésskemmtun Sænsk-íslenska félagsins í Gautaborg í desember.

Í Stokkhólmi hefur Íslenski kórin í Stokkhólmi leitt kirkjutónlistina undir stjórn Brynju Guðmundsdóttur sem jafnframt annast undirleik. Einar G. Sveinbjörnsson hefur leikið á fiðlu við helgihaldið og Magnús Ragnarsson var organisti í guðspjónustu í október. Íslenski

kórinn í Stokkhólmi hefur fengið fjárhagsstuðning frá söfnuðinum og hefur vikulegar æfingar í Finnsku kirkjunni.

Í Lundi hefur helgihaldið verið í formi fjölskylduguðsþjónustu í tengslum við kirkjuskólann, þar sem Stefán Jónsson hefur annast gítarleik. Í desember gekk Íslendingakórinn í Lundi undir stjórn Hólmsteins Brekkan til liðs við helgihaldið á Skáni. Það var kærkomin himnasending og verður til þess að möguleiki er á að bjóða upp á fleiri guðsþjónustur þar á næstu misserum.

Það er full ástæða að undirstrika, að það er bæði kórum og kirkju akkur í að sem best og mest samstarf sé þeirra á milli. Það er reynsla margra kóra og kórstjórnenda að kirkjan sé góður bakhjarl í starfseminni og kirkjustarf yrði stórum fátækara ef ekki kæmi til samvinna við gott tónlistarfólk.

## Ungmennastarf

Fermingarfræðslan veturinn 2003–2004 var með hefðbundnu sniði. Fermingarbarnamót var haldið í Åh stiftsgård 25.–28. mars, þar sem 16 ungmenni komu. Þar bættust einnig í hópinn unglingar í fermingarfræðslu með sr. Hannesi Björnssyni presti Íslendinga í Noregi. Í haust hóf nýr hópur fermingarfræðslu með samveru að Åh stiftsgård dagana 8.–10. október og komu að nýju um 16 ungmenni til leiks. Þóra Marteinsdóttir aðstoðaði Ágúst Einarsson á fermingarmótum vor og haust. Milli fermingarfræðslu lesa ungmennin íslenska kennslubók í fermingarfræðum og leysa reglulega verkefni í tölvusamskiptum við sóknarprestinn. Einnig sækja ungmennin guðsþjónustur minnst mánaðarlega í sinni heimabyggð.

Barnastarfið er eitt af brýnustu verkefnum safnaðarins. Fyrirkomulagi barnafræðslu í tengslum við guðsþjónustur hefur verið haldið áfram að nokkru. Börnin taka þátt í hluta guðsþjónustunnar en njóta síðan á stundum sérstakrar fræðslu. Með þessu fær öll fjölskyldan tækifæri til þess að njóta samverunnar í helgihaldinu og barnastarfið tengist betur sjálfri kirkjunni.

Skipulegu barnastarfi undir heitinu kirkjuskóli, hefur verið haldið áfram í Gautaborg og á Skáni. Í Gautaborg hefur þetta átt sér stað í ágætri samvinnu við Sænsk-íslenska félagið, en stjórnarfélagar þess hafa tekið virkan þátt í starfinu. Barnastarfið fór að mestu leyti fram í Dönsku kirkjunni vorið 2004 en gott samstarf hefur ríkt við danska söfnuðinn. Haustið 2004 fluttist hins vegar barnastarfið til Västra Frölunda. Söfnuðurinn hefur í þessu starfi notið hjálpar duglegra og áhugasamra aðila og stöndum við í ómældri þakkarskuld við allt þetta fólk.

Í vor, eins og árið á undan, lauk starfsemi kirkjuskólanna í Svíþjóð með útihátíðum í Slottskóginum í Gautaborg og í Höör dýragarðinum á Skáni. Samtals sóttu 100 manns þessar hátíðir, 50 á hvorum stað. Barnastarfið hófst haustið 2004 með fjölskyldubúðum að Bockaberg um miðjan

september þar sem um 50 manns komu, þátttakendur frá Lundi og Gautaborg.

Sóknarprestur hefur hafið samvinnu við Gídeonfélagið á Íslandi og afhenti unglimum í fermingafræðslu Nýja testamenti að gjöf. Gídeonfélagið hefur lýst sig reiðubúið til frekara samstarfs og er tilbúið til að gefa öllum íslenskum börnum í Svíþjóð Nýja testamenti í tengslum við safnaðarstarf íslensku kirkjunnar. Mun skipulag þessa Gídeonsverkefnis hefjast á vormánuðum 2005 í tengslum við íslenskukennara og heimafólk víða um land.

Á fyrra starfsári keypti söfnuðurinn íslenskar bækur til dreifingar meðal íslenskra barna í Svíþjóð. Þessari dreifingu var haldið áfram vorið 2004.

Biskupsstofa á Íslandi býður hvert haust upp á leiðtoganámskeið fyrir fólk í íslensku barnastarfi á Norðurlöndum og var námskeiðið að þessu sinni í Gautaborg 11. september síðast liðinn. Námskeiðið var í umsjá Halldórs Reynissonar fræðslustjóra á biskupsstofu. Sama dag hélt Halldór námskeið um "stefnumörkun safnaðarstarfs" og "að starfa í sóknarnefnd". Auk þátttakenda úr okkar röðum komu fulltrúar frá íslensku kirkjunni í Danmörku.

## **Sálgæsla og önnur félagsleg aðstoð**

Söfnuðurinn leggur á það áherslu að unnt sé að veita liðssinni öllum þeim sem á slíku þurfa að halda, bæði öldnum og ungum. Hér í Svíþjóð búa nú 5154 Íslendingar (samkvæmt íslenskri þjóðskrá) og er þörfin fyrir slíkt því mikil og jöfn. Á síðustu árum hafa komið upp ýmis og margvísleg tilvik sem hafa fært okkur heim sanninn um nauðsyn slíkrar þjónustu fyrir þennan dreifða hóp. Presturinn er ætíð til staðar, til sálgæslu og aðstoðar, t.d. þegar erfiðleika eða andlát ber að höndum.

Fólk kemur í auknum mæli á skrifstofu prests með hin ýmsu mál til úrlausnar og presturinn heimsækir þá er þess óska. Þetta gildir bæði um Gautaborg og eins í sambandi við ferðir prests um aðra hluta Svíþjóðar. Sænska sjúkrahúskirkjan og sendiráð Íslands benda á þjónustu íslenska prestsins og óskir berast frá Íslandi um aðstoð við sjúklinga sem hingað koma í aðgerðir.

Vert er að hvetja fólk til þess að vera ófeimið við að leita til prestsins bæði sjálfs sín vegna og annarra sem hugsanlega þætti vænt um að fá heimsókn og aðstoð prests.

Skírnum hefur töluvert fjölgað og sama gildir um önnur embættisverk. Er þá einnig ótalinn sá fjöldi barna og ungmenna sem nýtur kirkju-skóla- og fermingarfræðslu prestsins.

## Almennt um menningarmál

Leshringur um bókmenntir undir stjórn Ágústs Einarssonar hefur haldið áfram göngu sinni. Leshringurinn hittist í heimahúsum og fjallar um íslenskar bækur. Eitt af fyrstu verkefnum leshringsins voru bækurnar "Híbyli vindanna" og "Lífsins tré" eftir Böðvar Guðmundsson. Böðvar kom til Gautaborgar og ræddi um þessar bækur sínar og versturferðir almennt á kvöldvöku 18. nóvember. Önnur kvöldvaka, sem fjallaði um Ísland og íslenskar bókmenntir, var haldin 14. október. Um 20 manns sóttu þessa menningarviðburði í hvort skipti

Komið hefur verið upp bókaborði í sambandi við kirkjukaffið í Gautaborg. Er þar hægt að sjá og kaupa á vægu verði ýmsar bækur og geisladiska, mest kirkjulegs efnis, en einnig íslenskt landkynningarefni.

## Íslenska kirkjan erlendis

Ekkert hefur enn gerst í þá veru að stofna formlega samvinnunefnd um íslensku kirkjuna erlendis. Hins vegar hefur biskup boðað til fundar með fulltrúum sóknarnefndanna 18. febrúar 2005 í Reykjavík. Slíkur fundur var áður haldinn vorið 2003.

Á kirkjudögum á jónsmessu 2001 í Reykjavík sameinuðust íslensku söfnuðirnir erlendis um kynningarbás og kynningarbæklinga. Nú hefur verið ákveðið að efna til kirkjudaga á jónsmessu 2005 og söfnuðurinn mun leitast við að kynna starfsemina þá líka.

Sr. Jón Dalbú Hróbjartsson prófastur er tilsjónarmaður með íslensku kirkjunni erlendis. Hann vísiteraði söfnuðinn í sambandi við innsetningu sr. Ágústs Einarssonar í embættið og sat fund með sóknarnefnd 6. nóvember.

## Fjármál

Á starfsárinu hefur söfnuðurinn notið styrks úr sjóðum íslensku kirkjunnar og eins frá Göteborgs kyrkliga samfällighet, sænska ríkinu og sænsku kirkjunni eins og sjá má á reikningum. Kirkjan á Íslandi greiðir laun prests og kostnað við embættið, en annað safnaðarstarf í Svíþjóð er rekið með hjálp styrkja þar sem söfnuðurinn hefur enga aðra tekjustofna t.d. í formi sóknargjalda.

Starf Íslensku kirkjunnar í Svíþjóð var rekið með nokkrum halla árið 2003. Á árinu 2004 hefur hins vegar tekist að ná endum saman með aukinni hagkvæmni. Það þýðir þó ekki að íslenskt kirkjustarf í Svíþjóð hafi dregist saman. Þvert á móti er hægt að fullyrða að starfsemin fari vaxandi.

Fyrir utan daglegt rekstrarfé safnaðarins á söfnuðurinn tvo sjóði. Annar er svonefndur Menningarsjóður, sem söfnuðurinn getur notað til

sérstakra verkefna. Hingað til hefur þessi heimild ekki verið notuð. Hins vegar er minningarsjóðurinn Siggi, sem stofnaður var í sambandi við andlát Sigurðar Sigurðssonar, sóknarnefndarfélaga og meðhjálpara. Sjóðnum er ætlað að hlaupa undir bagga þegar andlát Íslendinga í Svíþjóð ber að höndum og flytja þarf viðkomandi heim til Íslands til jarðsetningar. Sóknarnefndin ákvað á fundi sínum í desember að leggja nokkra upphæð inn á þennan sjóð og einnig hefur Íslenski kórinn í Gautaborg ákveðið að gefa sjóðnum árlega upphæð sem mótsvarar tekjum af kirkjukaffi við eina messu. Tekið er með þakklæti á móti öllum framlögum í þessa sjóði.

Sóknarnefndin vill hér og nú þakka öllum þeim sem hafa unnið að því að gera hlut íslensku kirkjunnar í Svíþjóð sem bestan. Það er sóknarnefndinni mikill styrkur að finna stuðning bæði einstaklinga, fyrirtækja og opinberra aðila.

Fyrir hönd sóknarnefndar, 30. janúar 2005

Kristinn Jóhannesson  
formaður

Gunnar Stefánsson  
ritari